

## Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Oddnýju G. Harðardóttur um bílaleigur.

1. *Hvaða ívilnanir standa bílaleigum til boða og hver hefur þróun þeirra verið síðustu tíu ár á verðlagi ársins 2013, þ.e. aðflutningsgjöld, skattaívilnanir, afsláttur á vörugjöldum og aðrar ívilnanir?*

Bílaleigur hafa notið afsláttar af vörugjöldum á fólksbílfreiðar frá árinu 2000. Nýtt kerfi í skattlagningu slíkra bílfreiða tók gildi 1. janúar 2011. Vörugjald tekur nú mið af koltvísýringslosun (CO<sub>2</sub>) viðkomandi ökutækis og nemur almennt 0–65% (aðalflokkur). Vörugjald af bílaleigubílfreið er hins vegar lagt á samkvæmt undanþáguflokki samkvæmt eftirfarandi töflu. Þar fer vörugjaldið hæst í 30%. Þá er ákveðið þak á þann afslátt sem bílaleigur fá af vörugjaldi eða 1 millj. kr. Þær bílaleigur sem njóta lækkaðra vörugjalda greiða á móti árlegt leyfisgjald, 1,8–6,8 millj. kr. eftir fjölda innfluttra bílfreiða.

Gjaldbil	Skráð losun CO <sub>2</sub>	Gjald %	
		Aðalflokkur	Undanþáguflokkur
A	0–80	0	0
B	81–100	10	0
C	101–120	15	0
D	121–140	20	0
E	141–160	25	5
F	161–180	35	10
G	181–200	45	15
H	201–225	55	20
I	226–250	60	25
J	yfir 250	65	30

Bílfreið sem fengið hefur eftirgjöf á vörugjöldum er háð skilyrðum um nýtingu hennar í starfsemi bílaleigunnar á næstu 15 mánuðum eftir nýskráningu hennar. Að þeim tíma liðnum er bílaleigu heimilt að selja bílfreiðar sínar á frjálsum markaði án viðbótarvörugjalds.

Aðflutningsgjöld eru samsett af vörugjaldi, úrvinnslugjaldi á rafgeyma og hjólbarða sem fylgja ökutækinu og 25,5% virðisaukaskatti. Bílaleigur njóta einungis afsláttar af vörugjöldum af fólksbílfreiðum umfram það sem almennt gildir.

2. *Hver hefur fjöldi bílaleiga verið árlega síðustu tíu ár og hvernig hefur framboð bílaleigubíla verið?*

Ekki fengust upplýsingar um fjölda bílaleigubíla eða fjölda bílaleiga yfir tímabilið sem óskað var eftir en til eru upplýsingar frá árinu 2006 eins og sjá má í eftirfarandi töflu.

Ár	Fjöldi bílaleiga	Fjöldi bílaleigubíla
2006	58	4.756
2007	61	4.843
2008	64	5.649
2009	81	5.736
2010	93	6.572
2011	112	7.888
2012	127	9.641
2013	143	11.418

Heimild: Samgöngustofa og Samtök ferðaþjónustunnar.

3. *Hverjar hafa verið tekjur ríkissjóðs af bílaleigum árlega síðustu tíu ár á verðlagi ársins 2013, sundurliðaðar eftir helstu tekjuflokkum?*

Sjá upplýsingar í eftirfarandi töflu (fjárhæðir í milljónum króna). Tölurnar um virðisaukaskatt eru mismunur útskatts og innskatts hjá bílaleigum. Athygli er vakin á mikilli aukningu á tekjum af vörugjöldum árið 2012 en mikil fjölgun bílaleigubíla varð það ár sem skýrir einnig neikvæða niðurstöðu virðisaukaskatts fyrir sama ár. Tölur fyrir vörugjöld fyrir árin 2004–2009 eru áætlaðar sem fast hlutfall af virðisaukaskatti þar sem ekki reyndist unnt að afla upplýsinga um það tímabil. Ekki eru meðtaldar skatttekjur af eldsneyti við notkun bílaleigubíla. Leyfisgjald á bílaleigur var fyrst lagt á árið 2013.

Ár	Virðisauka- skattur	Tekju- skattur <sup>1</sup>	Trygginga- gjald	Vöru- gjöld <sup>2</sup>	Leyfis- gjald	Alls
2004	332,6	23,3	30,1	357,0		743,0
2005	369,7	16,8	35,6	396,9		819,1
2006	259,8	3,1	44,1	278,8		585,8
2007	278,8	2,8	49,7	299,3		630,6
2008	191,6	7,2	76,8	205,7		481,3
2009	329,1	17,1	73,9	353,3		773,3
2010	353,2	21,5	77,5	379,1		831,2
2011	475,2	13,8	118,3	455,3		1.062,7
2012	-292,2	11,2	132,2	826,4		677,5
2013	172,0	14,9	140,4	767,0	65,8	1.160,1

1. Miðað við álagningarár.

2. Vantar tölur fyrir nóvember og desember fyrir 2013.

Heimild: tollstjóri, ríkisskattstjóri.